

Mál nr. 164/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar fjölskyldutryggingar.

Slysahtak vátryggingaréttar vegna óhapps 30.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.5.2017.
2. Bréf V dags. 22.5.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

M var að koma út úr verslun og segist í tjónstilkynningu hafa verið að taka af sér bakpoka með matvöru þegar það hafi komið slinkur og hún brotnað við spjaldhrygg. M krefst bóta úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. læknisvottorði Friðriks Sigurbergssonar læknis, dags. 7.1.2017 komi eftirfarandi fram varðandi tjónsatvikið. „Var hún á leið heim úr búðinni, var með bakpoka og hélt einnig á 2-3 kg. þungum pokum í hvorri hendi. Eitthvað virðist hafa komið fyrir á þessari leið, þannig að hún hefur verið með sáran verk á lendhryggjar svæði. Þessi verkur er allt öðru vísi en þeir verkir sem hafa hrjád hana eftir slysið. Engin áverki í sögunni, nema þessi heimferð með innkaupin.“

V vísar til 19.gr. vátryggingaskilmála slysátryggingarinnar þar sem vísað er til þess að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs. V segir að tjónsatvik M verði ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar eða áhrifa eða ákomu utan að og því hafi ekki verið um slys að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. V telur að meiðsl M megi rekja til hreyfingar hennar sjálfrar en ekki utanaðkomandi atburðar.

Álit.

Gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti að tjónsatvik M verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi þeirra vátryggingaskilmála sem gilda um fjölskyldutryggingu hennar hjá V, en í 19. gr. þeirra skilmála kemur fram að gildissvið slysátryggingarinnar er skilgreint með þeim hætti. Lýsing hennar sjálfrar á atvikum bendir hins vegar til þess að hún hafi verið að bera innkaupapoka og slinkur sá sem hún lýsir hafi komið vegna eigin hreyfingar en ekki utanaðkomandi atburðar. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður heldur ekki séð að einkenni þau sem M lýsir séu þess eðlis að þau verði ótvírætt rakin til utanaðkomandi atburðar. M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.6.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.